

Ár 2006, föstudaginn 5. maí, var í Dómstól Handknattleikssambands Íslands (HSÍ) uppkveðinn dómur í kærumálinu nr. 7/2006:

ÍBV, handknattleiksdeild

gegn

Haukum

Málið dæmir Jóhannes Albert Sævarsson.

Mál þetta var höfðað með kæru sem dagsett er 29. mars 2006 sem móttekin var hjá skrifstofu HSÍ sama dag. Málið var þingfest 27. apríl 2006 og dómtekið sama dag. Dómur er kveðinn upp í dag 5. maí 2006.

Frammi liggur dómskjal merkt nr. 1. Kæra dags. 29. mars 2006.

Dómkröfur kæranda:

Krafist er að Haukar verði dæmdir til greiðslu sektar að fjárhæð kr. 50.000,- fyrir brot á ákvæði 3.1.9. skv. félagaskiptareglugerð HSÍ vegna fyrirspurnar um Björgvin Gústafsson, samningsbundinn leikmann ÍBV. Þá er þess krafist að dæmt verði að Haukum sé gert óheimilt að ræða við eða semja við þann leikmann á þessu ári.

Málsástæður kæranda:

Kærandi kveður forsvarsmenn Hauka hafa haft samband við Björgvin Gústafsson leikmann hkd. ÍBV og rætt um möguleika á að hann gangi til liðs við Hauka á næsta keppnistímabili.

Með þessu hafi verið brotið gegn ákvæði 3.1.9. í félagaskiptareglugerð HSÍ, en ákvæðið hljóðar þannig:

3.1.9. Forsvarsmönnum félaga er óheimilt að ræða við samningsbundna leikmenn án samþykkis frá því félagi sem leikmaðurinn er samningsbundinn við.

Ef að félag eða forsvarsmenn þess verða uppvísir að því skal sekta viðkomandi félag um kr. 50.000. Mun sú upphæð renna til útbreiðslu og fræðslumála á vegum HSÍ.

Niðurstaða dómsins:

Kæran er dagsett 29. mars 2006 og móttekin sama dag á skrifstofu HSÍ. Ekki verður séð af kærinni hvenær þeir atburðir sem leiða eiga til sektar hafi átt sér stað. Engin gögn eru lögð fram til stuðnings fullyrðingum kæranda um ætluð brot Hauka á lögum og reglugerðum HSÍ, svo sem yfirlýsing frá eða skýrsla af þeim leikmanni sem rætt var við, eða önnur gögn sem nauðsynlegt þykja til að hægt verði að taka afstöðu til

krafna kæranda. Aðeins er um sönnunarfærslu vísað til sex nafngreindra vitna sem gert er ráð fyrir að munu verða leidd fyrir dóminn undir aðalmeðferð málsins. Að þessu leyti er málatilbúnaði kæranda ábótavant. Án gagna til stuðnings málatilbúnaði kæranda getur varnaraðili ekki haldið upp vörnum, sbr. 5. mgr. 7. gr. reglugerðar um dómstól HSÍ um málsmeðferð. Það samrýmist ekki málsmeðferðarreglum að láta fyrst á það reyna við munnlegar skýrslutökur af vitnum fyrir dómi hvort málatilbúnaður kæranda eigi við rök að styðjast. Engin tilraun er gerð til að varpa ljósi á það hvað fór fram á milli hverra forsvarsmanna Hauka a.v. og nafngreinds leikmanns h.v., sem varða eigi Hauka refsingu í formi sektar. Málatilbúnaði kæranda er að þessu leyti ábótavant og verður því þegar af þeirri ástæðu að vísa málinu frá dómi án kröfu. Sjá dóm Dómstóls HSÍ í máli nr. 3/2006 frá 27. apríl 2006.

DÓMSORÐ:

Kæru handknattleiksdeildar ÍBV dagsettri 29. mars 2006 er vísað frá dómi.

Jóhannes Albert Sævarsson